Ársskýrsla 2019 - 2020

21. Skautaþing
Skautasambands Íslands

Efnisyfirlit

Ávarp formanns **3**

Guðbjört Erlendsdóttir *3*

Stjórn ÍSS 2019-2020 **4**

Dagskrá **5**

21. skautaþing ÍSS, 13. September 2020 *5*

Aðildarfélög ÍSS 2019 **6**

Fjöldi þingfulltrúa á 21. Skautaþingi ÍSS **6**

2019 – 2020 Í máli og myndum **7**

Skýrsla Stjórnar *7*

Afrekaskrá ÍSS **25**

Afrekaskrá ÍSS framhald **26**

Afrekaskrá ÍSS framhald **27**

Afrekaskrá ÍSS **28**

Fyrstu staðfest element *28*

Heiðursfélagar ÍSS **29**

Ársreikningur 2019 **30**

Skýrsla og áritun stjórnar *30*

Rekstrarreikningur 2019 **31**

Efnahagsreikningur **32**

31. desember 2019 *32*

Skýringar **33**

Ávarp formanns

Guðbjört Erlendsdóttir

Ágætu þingfulltrúar
Velkomin á 21. ársþing Skautasambands Íslands

Skautasamfélagið, bæði hérlendis sem og utanlands, hefur ekki farið varhluta af þeim fordæmalausu tímum sem nú ríkja í heiminum. Alþjóða skautasambandið (ISU) hefur fellt niður stærstan hluta af sínum alþjóðlegu viðburðum, ber þar helst að nefna Junior Grand Prix mótaröðina sem við Íslendingar höfum í mörg ár sent keppendur á og áttum við nú í fyrsta sinn möguleika á að senda skautara á þrjú mót í stað tveggja. Einhver hluti móta er þó enn á dagskrá en með öðru sniði en áður og stig á heimslista gilda ekki. Eftir sem áður er hægt að vinna sér inn keppnisrétt og Evrópumót og Heimsmeistaramót en tíminn verður að leiða í ljós hvort, og þá með hvaða sniði, mót verða haldin.
Við hjá ÍSS höfum til að mynda ekki sent út formlegt boð á Reykjavíkurleikana, en við töldum best að bíða með það þar til síðar í haust þegar við sjáum vonandi betri mynd um það hvernig veturinn verður.
Þetta verkefni, eins og önnur, vinnum við saman sem ein skautafjölskylda. Við erum öll smitvarnir og á meðan að allir eru að vinna að sama markmiði og gæta sín og annarra getum við hægt og bítandi gengið saman í gegnum þetta.

Síðustu misseri hefur ÍSS unnið markvisst að því að bæta líðan skautaranna okkar. Ekkert ofbeldi á nokkurn tíman rétt á sér og á aldrei heima innan íþrótta. Við höldum áfram að starfa eftir siðareglum sem gefa skýrar leiðbeiningar um hvað telst ásættanleg hegðun og hvað ekki. Nú í lok sumars var því loksins komi í verk að setja á stofn siðanefnd ÍSS. Það var hópur starfsmanna og sjálfboðaliða innan ÍSS sem tók af skarið og taldi að ekki væri hægt að halda áfram með óbreyttu sniði. Fengnir hafa verið óháðir aðilar til þess að sitja í nefndinni og hjálpa til við uppbyggingu nefndarinnar og skýringu verkefna. Það er mikilvægt fyrir alla innan íþróttarinnar að vita hvert sé hægt að leita, komi upp mál sem þarf að ræða eða taka á með öðrum hætti. Er það von okkar að með því að veita slíkum málum réttan farveg getum við unnið markvisst að bættri líðan skautara sem og betri aðstæðum til iðkunar íþróttarinnar.

Nú er komið að leiðarlokum hjá mér sem formanni stjórnar ÍSS. Síðustu misseri hefur verið unnið gott og mikið starf í þágu skautaíþrótta á Íslandi og geng ég stolt frá borði með einlæga ósk um að því verði haldið áfram.

Um leið og ég kveð samstjórnarmenn, samstarfsfólk, nefnarmenn, sjálboðaliða og aðiladarfélög langar mig til þess að þakka fyrir gott samstarf á síðustu árum. Það verður gaman að fylgjast með á hliðarlínunni (upp við battann) á komandi árum.

Bestu kveðjur,

Guðbjört Erlendsdóttir

Formaður ÍSS

Stjórn ÍSS 2019-2020

Formaður

Guðbjört Erlendsdóttir

Varaformaður

Svava Hróðný Jónsdóttir

Ritari

Ingibjörg Pálsdóttir

Gjaldkeri

Stefán Hjaltalín

Meðstjórnandi

Oksana Shalabai

Varamaður

Þóra Sigríður Torfadóttir

Varamaður

Guðrún Margrét Hannesdóttir

Framkvæmdastjóri

Lilja Baldursdóttir

Dagskrá

21. skautaþing ÍSS, 13. September 2020

11:30	Setning 21. Skautaþings ÍSS
	Dagskrá samkv. 9 grein laga ÍSS 1. Þingsetning 2. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd 3. Kosning þingforseta 4. Konsning þingritara 5. Skýrsla stjórnar lögð fram 6. Ársuppgjör sambandsins lagt fram 7. Umræður og samþykkt reikninga 8. Ávarp gesta 9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram 10. Kosning þingnefnda 11. Lagabreytingatillögur 12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir 13. Þingnefndir taka til starfa 14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum 15. Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær 16. Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar, skv. 12. gr. 17. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga 18. Þingslit
16:00	Áætluð þingslit

Aðildarfélög ÍSS 2019

Skautafélag Reykjavíkur
Listskautadeild
www.skautafelag.is/list/
Félagið var stofnað:
7. janúar 1893
Formaður: Anna Gígja Kristjánsdóttir

Ungmennafélagið Fjölnir
Listskautadeild
www.fjolnir.is/listskautar/
Félagið var stofnað:
22. nóvember 1990
Formaður:
Rakel Hákonardóttir

Skautafélag Akureyrar
Listskautadeild
www.sasport.is/listhlaup
Félagið var stofnað:
1. janúar 1937
Formaður: María Indriðadóttir

Íþróttafélagið Ösp
Listskautadeild
www.ospin.is/listhlaup
Félagið var stofnað:
2011 (listskautadeild)
Formaður:
Helga Hákonardóttir

Fjöldi þingfulltrúa á 21. Skautaþingi ÍSS

Félag	Félagar	Þingfulltrúar
Skautafélag Akureyrar	51	3
Skautafélag Reykjavíkur	284	7
Skautadeild Íþróttafélagsins Ösp	22	2
Fjölnir listskautadeild	201	6
Samtals fulltrúar á 21.Skautaþingi		**18**

2019 – 2020 Í máli og myndum

Skýrsla Stjórnar

Upphaf starfstíma

Fyrstu verkefni kjörinnar stjórnar voru:

- Að skipta með sér verkum
- Kynna sér reglur ÍSS og ISU sem og siðareglur
- Formenn nefnda fyrir næsta tímabil skipaðir ásamt áheyrnarfulltrúum
- Fastur fundartími settur mánaðarlega

Á mynd 1: Sjórn ÍSS 2019-2020

Markmið stjórnar

Í upphafi setti stjórnin sér markmið

- Vinna með nefndum að skipulagi þeirra vinnu
- Endurmenntun og nýmenntun þjálfara
- Efla fræðslumál
- Uppfæra Afreksstefnu ÍSS í samræmi við reglur ÍSÍ
- Vinna að eflingu íþróttarinnar og sýnileika bæði innanlands og á erlendri grundu.

Stefnunni hefur verið fylgt eftir á starfstímanum og mörg verkefni kláruð og önnur komin vel á veg. Vinna með nefndum sambandsins gengur mjög vel og eru verkferlar og skipulag til fyrirmyndar hjá nefndarmönnum. Næstu verkefni eru að yfirfara verkefnalista nefndanna sem og hlutverk þeirra, skerpa á þeim verkefnum sem eru árleg og skoða nýja möguleika.
Mikið var unnið að því að virkja þjálfunar- og fræðslunefnd og skilgreina hvað heyrir undir þeirra verksvið.

Menntun þjálfara

ÍSS samdi við Fimleikasamband Íslands um samvinnu í menntun þjálfara og hófst sú samvinna á því að þjálfurum innan Skautasambands Íslands var boðin þátttaka á fræðsludegi sem haldinn var í Kópavogi í ágúst. Fyrirlestrarnir voru jafnframt túlkaðir á ensku og sendir út í fjarfundi. Er það von okkar að áframhaldandi samstarf þessara sérsambanda gefi okkur tækifæri til þess að efla enn frekar við menntun og þekkingu þjálfara innan skautaíþrótta.

Almenn fræðsla fyrir þjálfara hefur verið efld til muna. Og heyrir sú fræðsla undir endurmenntun þjálfara. Fræðslufundir eru haldnir samhliða mótum á vegum ÍSS þar sem þjálfarar úr öllum félögum hittast.

Endurskipulagning þjálfaranáms er stórt og víðamikið verkefni sem hefur verið í vinnslu allt tímabilið. Helga Kristín Olsen hefur verið ÍSS innan handar í þessu verkefni.
Haldið var námskeið fyrir þjálfara á fyrsta stigi, 1a, í Reykjavík og samhliða því var farið yfir endurskipulagningu á Skautum Regnbogann.

Á mynd 2: Darja Zajcenko ásamt Misha Gee

Á næstu mánuðum verður svo haldið samskonar námskeið á Akureyri. Í haust fara svo af stað námskeið 1b og c og svo Þjálfaranámskeið 2.

Við héldum áfram þátttöku okkar í þróunarverkefni ISU og finnska skautasambandsins (ISU Olympic Development Project). Í maí 2019 fóru tveir þjálfarar til Finnlands, sökum foreldraorlofs eins þátttakanda.
Vorið 2020 höfðum við skráð fimm þjálfara til þátttöku þau Guillaume Kermen, Nadiu Margréti Jamchi, Kristínu Ómarsdóttur, Darja Zajcenko og Kristínu Valdísi Örnólfsdóttur. En vegna þeirra aðstæðna sem myndast hafa í heiminum í kjölfari Covid-19 sjúkdómsins var námskeiðinu aflýst. Hópurinn fer því ekki til Finnlands aftur fyrr en í maí 2021.

Darja Zajcenko fór í júní 2019 til Bergamo á Ítalíu á námskeiðið Art of Components. Námskeiðið var á vegum Ítalska skautasambandsins í samvinnu við þróunarsjóð ISU. Markmið námskeiðsins var að veita þjálfurum menntun í grunnskautun, samsetningu prógramma, listfengi og framkvæmd. Námskeiðið fór vel fram og kom Darja ánægð heim við lok námskeiðs.

Afreksmál

Áframhaldandi vinna við mótun Afreksstefnu ÍSS er verkefni sem sambandið mun vinna að jafnt og þétt næstu árin. Vinnan er stöðug allt tímabilið þar sem unnið er að fjölda atriða þ.m.t.: uppbyggingu íþróttarinnar, stuðningi við íþróttafólkið okkar, samstarfi við ríki og bæjarfélög, skipulagi á dagskrá, uppbyggingu samastarfs við fagfólk, fundum og skýrslugerð fyrir ÍSÍ, styrkjaöflun og skipulagsmálum svo fátt eitt sé nefnt. Í raun þyrfti skautasambandið að hafa heilt starfsgildi sem sinnir bara afreksmálum. En það er draumastaða. Þessi vinna hefur skilað sér í aukinni styrkveitingu frá ÍSÍ fyrir árið 2019 þar sem styrkur var hækkaður úr 1.500.000 kr í 2.000.000 kr milli áranna 2019 og 2020. Það er ósk okkar að fjárhæðin haldist sambærileg næstu ár þar sem mun hærri fjárhæðir þyrfti til að betur takist til, en ljóst er að hlúa þarf einstaklega vel að þessum málaflokk þar sem hann er bæði viðkvæmur og íþróttinni mikilvægur.

Vinna að fagteymi ÍSS er stór hluti afreksmála. Mikilvægi þess að veita afreksíþróttafólki aðgengi að faglegri aðstoð er gríðarlegt og skiptir þar miklu máli stöðugleiki svo ekki fari tími og peningur í aðlögun. ÍSS hefur unnið áfram með Sólveigu Dröfn Andrésdóttur sjúkraþjálfara. En hún er jafnframt í Afreksnefnd ÍSS. Viðtöl við skautara fara fram að lágmarki tvisvar sinnum á hverju tímabili. Þessi viðtöl hafa gefist vel og eru þau einnig góð þjálfun fyrir skautarana í markmiðasetningu.
Við höfum einnig fengið til liðs við okkur sálfræðinga og næringarfræðinga þar sem mikilvægustu hlutar afreksmála eru tæklaðir. Fræðsla til skautara hefur farið fram í gegnum fyrirlestra og vinnustofur sem mikil ánægja hefur verið með, bæði frá skauturum sem og ÍSS.

Á mynd 3: Patrick O'Neil ásamt þátttakendum í æfingabúðum ÍSS í júlí 2019

Á mynd 4: ÍSS bauð upp á kvöldverð

Í júlí 2019 voru haldnar æfingabúðir fyrir afreksefni og afrekshóp ÍSS. Skautarar með keppnisrétt í flokkum Advanced Novice, Junior og Senior var boðin þátttaka. Þeir skautarar sem höfðu náð viðmiðum í hóp afreksefna og afrekshóp gátu tekið þátt sér að kostnaðarlausu. Aðrir keppendur í þessum flokkum, hópur í svokallaðri hæfileikamótun, gátu tekið þátt gegn vægu gjaldi.
ÍSS fékk til sín Patrick O'Neil sem þjálfara í æfingabúðunum. Patrick, sem er frá Bandaríkjunum, er með yfir tuttugu ára reynslu sem þjálfari á öllum stigum. Ásamt því að þjálfa starfar hann fyrir Skautasamband Bandaríkjanna (US Figure Skating) þar sem hann vinnur með aðildarfélögum. Einnig hefur hann unnið í mörg ár sem fjölskylduráðgjafi.
Auk hans fengum við til liðs við okkur hóp af fagfólki. Má þar nefna Ingunni Elísabet Hreinsdóttur, sem kenndi dans; Telmu Eiðsdóttur, verkefnavinna í íþróttasálfræði og markmiðasetningu; Guðrúnu Blöndal, frá ÍBA sem fór yfir siðareglur og íþróttamannslega hegðun; Sólveigu Helgadóttur, markþjálfa, og Maríu Fortescue, dómara sem hélt fyrirlestur ásamt því að yfirfara prógröm.
Dagskrá æfingabúðanna var hin glæsilegasta og var mikill metnaður lagður í að gera efni, kennslu og fræðslu sem best svo það myndi koma hópnum að góðum notum. Yfirþjálfari eins félags tók þátt í æfingabúðunum. Þar sem það kemur fram afreksstefnu Skautasambandsins er að þeir þjálfarar sem koma að þjálfun afreksskautara innan sinna félaga skuli taka þátt í skipulögðu afreksstarfi á landsvísu er það von Sambandsins að félögin þrýsti enn frekar á sitt starfsfólk að sinna þessum málaflokki.

Æfingabúðirnar voru haldnar á Akureyri. Ákveðið var að allur hópurinn skildi gista á sama stað og vera því saman í hóp allan daginn alla vikuna. Hópurinn gisti saman í Valsárskóla á Svalbarðsströnd þar sem fararstjórar voru með þeim. Þar er góð aðstaða auk þess sem sundlaug er á staðnum sem var meðal annars notuð í slökun og samflot. Gríðarlega mikil vinna fylgir slíku prógrammi en foreldrafélag LSA sá um allan mat yfir þessa daga. ÍSS bauð svo hópnum og helstu skipuleggjendum út að borða eitt kvöldið. Þetta gafst mjög vel og er áætlað að halda æfingabúðir ÍSS sumarið 2020 líka á Akureyri.

Á mynd 5: Landsliðshópur Íslands á listskautum í janúar 2020

Markmið í afreksmálum ÍSS var að brjóta niður dagskrá tímabilsins og bjóða uppá styttri æfingabúðir í desember eða janúar.
Úr varð að haldnar voru æfingabúðir dagana 2. – 3. janúar 2020 í Egilshöll í Reykjavík.
Samstarfið við Patrick O'Neil hefur gengið mjög vel og kom hann aftur í janúar. Með honum var Nadia Margrét Jamchi en hún sá um afís æfingar ásamt því að vera honum innan handar á ísnum. Með þessu móti gefum við okkar íslenska fagfólki tækifæri til þess að þróa sig og auka við þekkingu sína.
Sólveig Dröfn Andrésdóttir, sjúkraþjálfari, hitti alla skautara ásamt því að Ásdís Rós Clark, tæknisérfræðingur, fór yfir prógröm.
Dagskráin var þétt þessa tvo daga. Við fengum til liðs við okkur Agnesi Þóru Árnadóttur, næringarfræðing, Einar Örn Jónsson, íþróttafréttamann frá RÚV, Birgir Sverrisson, sem fór yfir lyfjaeftirlit í íþróttum, ásamt Þóru Gunnarsdóttur, en hún fór yfir notkun samfélagsmiðla og samstarf skautara við ÍSS við útbreiðslu íþróttarinnar á Íslandi.
Gafst þessi nýbreytni vel og greinilega mikilvægt fyrir skautarana að fá gott veganesti og aukinn kraft inn í þær fjölmörgu alþjóðlegu keppnir sem voru á dagskrá strax í byrjun ársins.

Ljóst er að með góðu sambandi stjórnar, afreksnefndar og starfsmanna ÍSS við afreksefni, þjálfara þeirra, félög og foreldra/aðstandendur er hægt að efla afrekshópinn enn frekar og vinna að uppbyggingu hópsins.

Dómarar og tæknifólk

Á mynd 6: Sunna Björg Mogensen; María Fortescue; Halla Björg

Efling og menntun dómara og tæknifólks frá Íslandi hefur verið í stöðugri vinnu. Það er styrkleikamerki fyrir landið okkar að geta sent starfsfólk með keppendum á stærstu mótin sem okkar keppendur taka þátt á. Reynsla starfsfólksins hefur mikið að segja varðandi áframhaldandi menntun þeirra.

Í ágúst var að venju haldið námskeið á vegum ÍSS fyrir dómara og tæknisérfræðinga.
Að þessu sinni sáu okkar eigin sérfræðingar um að leiðbeina á námskeiðunum. Halla Björg Sigurþórsdóttir sá um dómaranámskeiðið. Námskeiðið var sett upp með það að markmiði að ná inn nýjum dómaraefnum sem og að skerpa á þekkingu starfandi dómara. Einnig var kennsla á nýtt dómarakerfi Félagalínu. Ásdís Rós Clark sá um námskeið fyrir tæknisérfræðinga en hún var þá ný komin frá Frankfurt þar sem að hún endurnýjaði alþjóðlegu réttindi sín, en það þurfa allir dómara, tæknisérfræðingar, tæknistjórnendur og tæknimenn að gera að lágmarki á fjögurra ára fresti.
Næsta námskeið er áætlað í ágúst 2020.

Við höfum haldið áfram að vinna náið með öðrum landssamböndum til þess að manna dómara- og tæknipanel á mótum tímabilsins. Á móti gefst okkar starfsfólki tækifæri til þess að starfa á mótum erlendis sem er gríðarlega mikilvæg reynsla og ekki síður mikilvæg tengslamyndun.

Störf dómara og tæknifólks á tímabilinu:

- Ásdís Rós Clark, alþjóðlegur tæknisérfræðingur (TS), fór á RIG í Reykjavík
- Halla Björg Sigurþórsdóttir, alþjóðlegur dómari, fór á Autum Classic í Toronto Kanada, JGP í Gdansk Póllandi, Skate Southern í London Bretlandi, Golden Bear í Zagreb Króatíu, Coupe Des Franches-Montagnes í Saignelégier Sviss, Santa Claus Cup í Búdapest Ungverjalandi, Coupe de Tramelan í Tramelan Sviss, Coupe Neuchateloise, RIG í Reykjavík, Norðurlandamótið í Stavanger í Noregi og Skate Challenge Cup í Antwepen í Hollandi.
- María Fortescue, alþjólegur dómari, fór á Junior Grand Prix í Lake Placid í Bandaríkjunum, á RIG í Reykjavík og Norðurlandamótið í Stavanger í Noregi.
- Sunna Björk Mogensen, ISU DRO, fór á vegum ISU á Junior Grand Prix í Lake Placid í Bandaríkjunum, á RIG í Reykjavík og Norðurlandamótið í Stavanger í Noregi.

Sýnileiki íþróttarinnar

Líkt og fyrri ár hefur mikið verið unnið að kynningu á íþróttinni innanlands. Þetta hefur verið gert með því að:

- Efla fjölmiðlatilkynningar og eftirfylgni með þeim
- Auka beinar útsendingar frá mótum (Live Stream)
- Uppbygging og skipulag á vefsíðu ÍSS, www.iceskate.is
- Aukinn sýnileiki á samfélagsmiðlum, s.s. Instagram, Facebook og Twitter.

Aukinn sýnileiki á alþjóðavettvangi er ekki síður mikilvægur og hefur þátttaka í verkefnum, mótum, námskeiðum og ráðstefnum erlendis hjálpað til að því leiti. Sem dæmi má nefna:

- Þróunarverkefni á Adaptive Skating í Toronto í júlí 2019
- ISU Olympic Development Project í Finnlandi í maí 2019
- ISU námskeið í Frankfurt í júlí 2019
- Þátttaka á Heimsmeistaramóti Unglinga 2020 (ISU Junior Worlds).
  Aldís Kara Bergsdóttir er fyrst íslenskra skautara að taka þátt á Heimsmeistaramóti unglinga.

Efling sýnileika, bæði innanlands og erlendis, er mikilvægt fyrir ÍSS. Nálgun við styrktaraðila er auðveldari og höfum við síðasta árið átt í góðu samsarfi við Brandsson. En allir skautarar sem keppa fyrir Íslands hönd klæðast fatnaði frá Brandsson.

Adaptive Skating (AS)

Á mynd 7: Þátttakendur í Adaptive Skating verkefni hjá Skate Canada

Helga Olsen, yfirþjálfari skautadeildarinnar Aspar, og Svava Hróðný Jónsdóttir, dómari í Special Olympics og Adaptive skating, fóru ásamt þremur skauturum til Toronto og tóku þátt í vinnustofu um Adaptive Skating ásamt því að fyrsta mótið í nýju dómarakerfi fór fram.

Adaptive Skating er þróunarverkefni sem miðar að því að allir einstaklingar óháð fötlun geti tekið þátt í keppni á jafningjagrundvelli. IJS-kerfið er aðlagað að viðmiðum keppnisflokka en auk þess fá keppendur margföldunarstuðul ofan á einkunn sína þar sem tekið er tillit til hversu mikið fötlun/skerðing þeirra hamlar þátttöku þeirra innan íþróttarinnar og er Whole Person Impairment (WPI) nýtt til flokkunar. Skautaíþróttin hefur enn ekki verið tekin undir væng Paralympics þar sem bæði hefur vantað flokkunarkerfi fyrir íþróttamenn og dómarakerfi. Adaptive Skating ætlar sér í alþjóðlegu samstarfi að vera leiðandi í þróun á hvoru tveggja og nú með stuðningi ISU. Verkefnið er unnið í samvinnu við Kanadíska skautasambandið en að því koma sérfræðingar á ýmsum sviðum. Skemmst er frá því að segja að Ísland hefur verið í fararbroddi í þróunarstarfi AS frá upphafi með Helgu Olsen fremsta í flokki með miklum stuðningi frá Íþróttabandalagi fatlaðra og Skautasambandi Íslands.

Á mynd 8: Gabriella Kami; Sóldís Sara, Nína Margrét: Helga Olsen

Mótahald

Undirbúningur og framkvæmd ÍSS móta er nú í höndum mótanefndar og þeirra aðildarfélaga sem halda mótin hverju sinni. Þannig gefst félögunum tækifæri til þess að setja sitt mark á mótin en þau eru einnig í meiri nánd við aðstæður og eiga því auðveldara með grunnskipulag móta. Skrifstofa ÍSS er þeim alltaf innan handar og sér um að taka á móti skráningum á mótin ásamt því að útvega starfsfólk á dómara- og tæknipanel.

Í upphafi tímabilsins, eða í ágúst 2019, hélt formaður og varaformaður mótanefndar námskeið fyrir mótsstjóra og mótshaldara félaganna. Gafst þetta námskeið mjög vel og er stefnt að því að halda samskonar námskeið í upphafi hvers tímabils.

ÍSS hefur á þessu keppnistímabili haldið þrjú mót
Haustmót
Íslandsmót
Reykjavíkurleikarnir (RIG)

Vormótinu sem átti að fara fram á Akureyri dagana 27. – 29. mars sl. var aflýst sökum aðstæðna.

Íslandsmót ÍSS 2019

Íslandsmeistaramótið fór að þessu sinni fram í Skautahöllinni í Laugardal. Mótið var hið glæsilegasta og fór það vel fram.

Íslandsmeistarar 2019:
Advanced Novice: Júlía Rós Viðarsdóttir (LSA)
Junior Ladies: Aldís Kara Bergsdóttir (LSA)

Á mynd 10: Keppendur á Íslandsmóti í Chicks

Á mynd 11: Keppendur á Íslandsmóti í Cubs

Bikarmótaröð ÍSS

Í stað þess að halda eitt Bikarmeistaramót var ákveðið að setja af stað Bikarmótaröð ÍSS. Bikarmeistaratitillinn verður veittur stigahæsta félaginu í lok tímabilsins, byggt á árangri allra skautara. Haustmót, Vetrarmót og Vormót eru hluti af Bikarmótaröðinni og ættu Bikarmeistara að vera krýndir í lok Vormóts. Vegna aðstæðna fór Vormót ÍSS ekki fram og tók stjórn ÍSS þá ákvörðun að einungis tvö mót voru innan Bikarmótaraðarinnar að þessu sinni, Haustmót og Vetrarmót.

Bikarmeistarar Skautasambands Íslands 2020 er Skautafélag Akureyrar.
Krýning Bikarmeistaranna mun fara fram á fyrsta móti næsta tímabils.

Stigatafla Bikarmótaraðar ÍSS 2019-2020

	Skautafélag Akureyrar	**Fjölnir**	**Skautafélag Reykjavíkur**
Haustmót ÍSS	15	13	11
Vetrarmót ÍSS	43	37	37
Samtals stig:	**58**	**50**	**48**

Skautari ársins



Á mynd 12: Skautakona ársins 2019; Aldís Kara Bergsdóttir (SA)

Skautari ársins var valinn að venju. Sem áður er Skautasamband Íslands eina sérsambandið innan vébanda ÍSÍ sem ekki getur tilnefnt íþróttafólk af báðum kynjum og er það alltaf skýr árleg ábending um að betur megi gera innan íþróttarinnar.
Að þessu sinni var Aldís Kara Bergsdóttir valin skautakona ársins 2019.

Aldís Kara setti hvert metið í Junior á fætur öðru á tímabilinu. Fyrir stutta prógramið fékk hún hæst 45.25 stig en það var á RIG í janúar. Hún bætti einnig stigametið í frjálsa prógraminu með 82.74 stigum á Vormóti ÍSS 2019. Heildarstig hennar á Vormóti ÍSS 2019 upp á 127.69 er núverandi heildarstigamet. Fyrri met átti hún öll sjálf.
Metin eru öll stigamet í Junior sem og hæstu stig sem skautari hefur fengið á landsvísu.

ISU Junior Grand Prix
Ísland fær hvert ár úthlutað tveimur sætum á Junior Grand Prix mótaröðinni.

Fulltrúar Íslands árið 2019 á JGP voru:

- Aldís Kara Bergsdóttir, SA
- Marta María Jóhannsdóttir, SA

Aldís Kara keppti í Lake Placid í Bandaríkjunum. Með henni fór þjálfari hennar, Darja Zajcenko, og María Fortescue fór sem dómari fyrir Íslands hönd.
Þetta var í fyrsta sinn sem Aldís Kara tók þátt á mótaröðinni.
Aldís felldi nokkur met á mótaröðinni. Fyrir stutta prógramið fékk hún 39.28 stig, fyrir frjálsa fékk hún 67.15 stig og heildarstigin urðu 106.43. Allt eru þetta stigamet íslensks skautara á JGP og bætti hún öll met Viktoríu Lindar Björnsdóttur frá því árið áður. Hún lauk keppni í 20. sæti.

Marta María keppti í Gdansk í Póllandi. Með henni fór þjálfari hennar, Darja Zajcenko, og Halla Björg Sigurþórsdóttir fór sem dómari fyrir Íslands hönd.
Þetta var í annað sinn sem Marta María tók þátt á mótaröðinni. Hún lauk keppni með 98.26 heildarstig og í 30. sæti.

Keppnisreynsla á svona stórmótum kemur með tímanum og því mikilvægt að skautararnir og þjálfarar þeirra drekki í sig allar þær upplýsingar sem í boði eru til betrunar og framþróunar. Reynsla af móti sem þessu þar sem margar keppnisþjóðir eru gefur gott tækifæri til að fylgjast vel með öðrum og læra.
Eftir því sem skautarar frá Íslandi verða sýnilegri á mótum erlendis og leitast við að gera betur og betur eru þeir um leið að klífa upp á við fyrir hönd þeirra sem á eftir koma og ryðja þar með brautina fyrir íþróttina í heild sinni.

Evrópumót Special Olympics

Dagana 10. – 11. október fór fram Evrópumót Special Olympics í Espoo í Finnlandi. Mótið var haldið samhliða Finlandia Trophy, sem er hluti af Challenger Series hjá ISU þar sem keppt er í einstaklings skautum, para skautum, ísdansi og samhæfðum skautum.
Þetta er í fyrsta sinn sem Special Olympics keppnisflokkar eru hluti af Finlandia Trophy. Mótið er eitt það elsta og virtasta á dagatali ISU og aldrei áður hafa verið íslenskir skautarar meðal keppenda.
Fulltrúar Íslands á mótinu voru þær Védís Harðardóttir, Nína Margrét Ingimarsdóttir og Gabriella Árnadóttir.
Samhliða mótinu var haldið námskeið fyrir dómara og tæknifólk.
Er þetta í fyrsta sinn sem nýtt dómarakerfi er notað, en tækninefnd Special Olympics International hefur síðustu þrjú árin unnið að uppfærslu á dómarakerfinu úr gamla 6.0 kerfinu yfir í aðlagaða útgáfu af alþjóða dómarakerfi ISU (IJS).
Fulltrúi ÍSS á námskeiðinu var Svava Hróðný Jónsdóttir, en hún hefur starfað með tækninefnd SOI að uppfærslunni á kerfinu frá upphafi þess starfs.

Landsliðsverkefni ÍSS

Halloween Cup fór fram í Búdapest í Ungverjalandi dagana 16. – 18. október.
ÍSS sendi til þátttöku fjóra keppendur þær Eydísi Gunnarsdóttur og Júlíu Rós Viðarsdóttur í Advanced Novice og þær Aldísi Köru Bergsdóttur og Mörtu Maríu Jóhannsdóttur í Junior Ladies.
Með framkvæmd sinni á mótinu náði Aldís Kara Bergsdóttir 23.22 tæknistigum. Sem er 0.22 stigum yfir lágmörkum ISU til þátttöku á Heimsmeistaramóti unglinga. Hún er annar skautarinn til þess að ná tæknistigunum í stuttu prógrammi, en Kristín Valdís Örnólfsdóttir náði þeim á RIG 2018.
Samanlagt fékk Aldís Kara 108.61 stig og tryggði sér 15. sætið í Junior Ladies og Marta María hafnaði í 18. sæti. Júlía Rós og Eydís kepptu í flokki Advanced Novice. Þarf hafnaði Júlía Rós í 15. sæti og Eydís í 21. sæti.

RIG 2020

Mótanefnd ÍSS ásamt skrifstofu sá um skipulagningu á Reykjavíkurleikunum 2020. Viðburðarstjóri var Svava Hróðný Jónsdóttir og mótstjórar voru Anna Gígja Kristjánsdóttir, Rakel Tanja Bjarnadóttir og Hrafnhildur Guðjónsdóttir. Mótið var á lista ISU yfir alþjóðleg mót.

Listskautakeppnin er ein af elstu keppnisgreinunum á Reykjavíkurleikunum og hefur vaxið og dafnað ár frá ári.
Góð þátttaka var á mótinu og voru keppendur, þjálfarar og mótshaldarar ánægðir með hvernig til tókst. Veðrið setti örlítið strik í reikninginn og var t.d. tvísýnt hvort að dómararnir sem fengnir höfðu verið til að dæma keppnina kæmust yfir höfuð til landsins. Seinka þurfti keppninni af þeim sökum um 7 klukkustundir og mætti hluti dómaraliðsins beint af flugvellinum í keppnina.

Þrátt fyrir hnökra í byrjun fór mótið vel af stað. Mikill fjöldi var í stúkunni á föstudagskvöldinu þegar yngstu flokkarnir kepptu. Það er alltaf gaman að sjá stúkuna fulla af fólki og þurfum við að vinna í því að fylla hana oftar og yfir fleiri daga á Reykjavíkurleikunum.
Keppni í flokkum Advanced Novice, Junior og Senior var sterk og spennandi. En það er stöðug vinna hjá mótshöldurum að auglýsa mótið og fá sem flesta keppendur til keppni. En markmiðið hingað til hefur verið að hafa Junior flokkana nógu stóra til þess að stigin þar gildi til lágmarka á Heimsmeistaramót unglinga. Tímasetningin er erfið fyrir Senior skautara og þurfum við því að skoða betur hvernig við getum eflt þessa flokka á mótinu.

Á mótinu í ár var Junior Ladies flokkurinn mjög sterkur og margir skautarar mættir til keppni. Ber þar helst að nefna að Aldís Kara setti stigamet í stutta prógramminu með 45.25 stigum, þar af 27.19 tæknistig sem er bæting frá haustinu og staðfestir aftur ISU lágmörkin hennar. Svo fór að Marta María Jóhannsdóttir var efst íslensku keppendanna í flokki Junior Ladies í fjórða sæti með 115.80 heildarstig. Júlía Rós Viðarsdóttir var efst íslensku keppendanna í flokki Advanced Novice í fjórða sæti með 80.69 heildarstig.

Eins og áður var stór hópur sjálfboðaliða sem gerði okkur kleift að halda mótið. Margar hendur vinna létt verk og voru mótshaldarar að vonum ánægðir með allt það góða fólk sem var boðið og búið að aðstoða. Þóra Gunnarsdóttir var umsjónarmaður sjálfboðaliða og hafði mótanefnd tekið saman gjafakörfur til þess að veita heppnum sjálfboðaliðum sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf.

Norðurlandamót 2020

Norðurlandamótið var að þessu sinni haldið í Stavanger í Noregi dagana 6. – 9. febrúar 2020.
Mótið fór vel fram og var mikil samheldni í hópnum. Má því þakka frábærri fararstjórn sem var í höndum Nadiu Margrétar Jamchi. Með í ferðinni voru tveir þjálfarar þau Darja Zajcenko og Guillaume Kermen.
Á mótinu starfaði einnig dómara og tæknifólk frá Íslandi, þær María Fortescue, Halla Björg Sigurþórsdóttir og Sunna Björk Mogensen.

ÍSS sendi sjö keppendur til þátttöku.

Keppendur í Advanced Novice:

- Eydís Gunnarsdóttir, 19. sæti
- Freydís Jóna Jing Bergsveinsdóttir, 20. sæti
- Júlía Rós Viðarsdóttir, 11. sæti

Keppendur í Junior Ladies:

- Aldís Kara Bergsdóttir, 8. sæti
- Herdís Birna Hjaltalín, 23. sæti
- Marta María Jóhannsdóttir, 16. sæti
- Viktoría Lind Björnsdóttir, 19. sæti

Íslensku keppendurnir stóðu sig vel á mótinu. Ber þar helst að nefna að Júlía Rós fékk 79.64 stig í heildina fyrir bæði prógröm og eru það hæstu stig sem íslenskur skautari í Advanced Novice hefur fengið á Norðurlandamótinu.
Aldís Kara vann sér inn keppnisrétt á Heimsmeistaramót unglinga (ISU Junior Worlds), fyrst íslenska skautara til þess að ná lágmörkum Alþjóða-skautasambandins.

Á síðasta Norðurlandamóti var reglum um Junior flokka breytt á þann veg að flokkarnir eru nú opnir öllum ISU þjóðum, líkt og í Senior flokkum. Þessi breyting hefur í för með sér að stig sem skautarar vinna sér inn á Norðurlandamótinu gilda sem lágmörk til þátttöku á ISU Junior Worlds (Heimsmeistaramót unglinga).
Segja má með sanni að þetta hafi verið afskaplega farsæl breyting fyrir íslenska keppendur.

Fyrirlestrar fyrir þjálfara
Samhliða Norðurlandamótinu er alltaf haldin fræðslufundur fyrir þjálfara. Yfirskrift fyrirlestrana að þessu sinni var þróun karlkyns skautara. Sondre Oddvoll Boe frá Noregi talaði um hvernig maður heldur áhuga þegar maður er sá eini í íþróttinni. Stephane Lambiel kom einnig og talaði um hvernig þjálfa má skautara í afreksmann þótt hann komi frá lítilli þjóð. Stephane Lambiel er fyrrum afreksskautari sjálfur frá Sviss en hefur núna snúið sér að þjálfun og hefur m.a. þjálfað Denis Vaselijevs frá Lettlandi sem var einnig keppandi á Norðurlandamótinu.

ISU Junior World Championships

WORLD JUNIOR FIGURE SKATING CHAMPIONSHIPS®
TALLINN 2020

Aldís Kara Bergsdóttir keppti fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramóti Unglinga í listskautum sem fram fór í Tallin í Eistlandi dagana 2. til 8. mars sl. Er þetta í fyrsta skiptið sem íslenskur einstaklingsskautari keppir á Heimsmeistaramóti í listskautum.

Skautarar geta eingöngu unnið sér inn stig sem gilda til þátttöku á ISU meistaramóti á mótum sem skráð eru á keppnislista ISU og viðurkennd af þeim. Það eru svokölluð Alþjóðleg mót af ISU lista og eru strangar kröfur sem gilda um samsetningu dómarapanels og lágmarksfjölda skráðra keppenda á mótinu. Íslenskir keppendur þurfa því að fara erlendis til að reyna við lágmarksstigin en eina mótið á Íslandi sem gildir til stiga (sé lágmarks fjölda keppenda náð) er Reykjavík International Games (RIG).
Ná þarf lágmarks tæknistigum í bæði stutta og frjálsa prógraminu en ekki þarf að gera það á sama mótinu. Lágmarks tæknistig (TES) í Junior Ladies eru 23.00 stig í stuttu prógrami og 38.00 stig í frjálsu prógrami.

Aðdragandinn að þátttökunni hefur verið stuttur en Aldís Kara hóf keppnistímabilið með sterkri þátttöku í Junior Grand Prix mótaröðinni er hún fór til Lake Placid sem var haldið 28. til 31. ágúst 2019. Aldís stóð sig afar vel og var ljóst að hún átti góða möguleika á að reyna við tæknistigin á þessu tímabili. Í Lake Placid fékk hún 39.28 stig í stutta prógraminu, þar af 20.88 tæknistig og í því frjálsa 67.15 stig og þar af 33.05 tæknistig. Þetta var fyrsta ISU stórmót Aldísar.

Næst fór hún svo á Halloween Cup í Búdapest en það var haldið dagana 17. til 20. október sl.. Þar fékk Aldís 40.70 stig fyrir stutta prógramið og þar af 23.22 tæknistig og náði þar með lágmarkinu í stutta. Frjálsa prógramið gekk einnig vel með 67.91 stigi og tæknistigin 36.30, rétt tæpum tveimur stigum undir lágmarkinu.
Þá var komið að því að reyna á Reykjavik International Games, 28. til 31. janúar s.l. Þar var Aldís í miklu stuði í stutta prógraminu nældi sér í 45.25 stig og þar með 27.19 tæknistig og aftur ISU lágmark. Frjálsa prógramið gekk ekki alveg eins vel og skilaði 68.29 heildarstigum með 33.30 tæknistigum.
Hálfum mánuði síðar, eða 5. til 9. febrúar, gat hún reynt aftur á Norðurlandamótinu sem haldið var í Stavanger í Noregi. Þetta var jafnframt síðasti möguleikinn á að ná lágmarksstigum því skráningarfrestur á Heimsmeistara-mótið var 10. febrúar. Stutta prógrams lágmarkið var þegar komið, eins og áður sagði, þannig að það skipti ekki máli hvernig það gengi heldur öll áhersla lögð á gott frjálst prógram. Þar sýndi Aldís styrk sinn og gersamlega negldi elementin sín og náði 80.26 stigum fyrir prógramið og heil 43.34 tæknistig og lágmarkið í frjálsa prógraminu í hús.

Keppt var með stutt prógram á föstudegi og hafði Aldís dregið rásnúmerið 19, en 48 keppendur voru skráðir til leiks í greininni. Sýnt var beint frá keppninni á Youtube síðu Alþjóðaskautasambandsins ISU og fylgdist íslenska skautafjölskyldan spennt með um allt land. Reglur eru þannig að af þeim 48 sem hefja leik komast 24 stigahæstu eftir stutta prógramið áfram í frjálsa prógramið sem fór fram á laugardag.
Aldís Kara sýndi sannarlega glæsilega frammistöð í þessari frumraun hennar á Heimsmeistarmóti Unglinga sem um leið er frumraun Íslands á mótinu. Stigin sem hún fékk fyrir voru 44.85 sem skilaði henni 35. sæti, af 48 keppendum, og jafnaði hún næstum því stigamet sitt frá Reykjavik International Games í janúar s.l. Þetta nægði þó ekki til að komast í frjálsa prógramið þar sem skautararnir voru hver af annarri að fá há stig og var cut-off inn í 24 kvenna hópinn um 50 stig.
Þetta er frábær byrjun fyrir Aldísi á Heimsmeistaramóti og gríðarlega stórt skref í íslenskri skautasögu.

Að lokum
Á tímabilinu sem er að líða voru ótal met slegin og ný skref tekin á öllum vígstöðum. Það má með sanni segja að tímabilið hafi verið framfaratími innan listskautaíþróttarinnar á Íslandi. Íslenskir skautarar hafa staðið sig vel bæði á innlendum og erlendum vettvangi og verður spennandi að sjá hvað nýtt tímabil ber í skauti sér.

Íslenska skautafjölskyldan getur nú með stolti sagt frá því að Ísland átti fulltrúa á Heimsmeistaramóti unglinga í fyrsta sinn. Aldís Kara var flottur fulltrúi á mótinu. Hún stóð sig með prýði og sýndi það og sannaði að hún átti vel heima á mótinu.
Þeir sem vinna, og hafa unnið, með ÍSS að afreksmálum og hæfileikamótun sjá nú uppskeru mikillar vinnu og mun áframhaldandi vinna að þessum málefnum hjálpa framþróun íþróttarinnar og styrkingu innviðanna.
Nú horfum við til framtíðar með ný og stærri markmið með tilhlökkun og eldmóð.

Það er líka gaman að fylgjast með íþróttafólkinu okkar þegar það hættir keppni. Verkefnin sem tekin eru að sér og hvernig hægt er að þróast innan íþróttarinnar hvort sem það er á sviði þjálfunar eða dómgæslu eða með allt öðrum hætti.
Má til dæmis nefna að sumarið 2019 fór Kristín Valdís Örnólfsdóttir á vegum ÍSÍ til Bakú í Azerbaijan sem ungur sendiherra fyrir hönd Íslands á Ólympíuleika Evrópuæskunnar (EYOF). Aðal markmið verkefnisins er að upplýsa ungt íþróttafólk um gildi Ólympíuleikanna en þau eru virðing, vinátta og ágæti (e. respect, friendship and excellence).
Margrét Sól Torfadóttir fékk vinnu sem sýningaskautari á skemmtiferðaskipinu Oasis of the Seas. Þar var hún að skauta í 7 sýningum á viku í sýningu sem heitir „Frozen in Time“ og er byggð á sögum eftir Hans Christian Andersen.

Það ástand sem ný ríkir í heiminum hefur ekki farið framhjá neinum. Skautasamband Íslands hefur ekki farið varhluta af því. Fyrstu merki Covid-19 á starf sambandsins sýndi sig á Heimsmeistaramóti unglinga þar sem að allir þátttakendur og fylgdarlið þurftu að fara í gegnum heilbrigðisskoðun við komu ásamt því að hitamælingar voru reglulegar á mótsstað. Sem betur fer hafa ekki verið nein smit rakin til mótsins.
Aflýsa þurfti Vormóti ÍSS 2020 sem fara átti fram á Akureyri í mars ásamt því að Skautaþingi var frestað. Þó svo að enginn geti sagt fyrir um framhaldið horfum við björtum augum til næsta tímabils og tækifæranna sem þá bjóðast.

Stjórn ÍSS vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komið hafa að vinnu ÍSS síðastliðið ár; Sjálboðaliðar, nefndarmenn, starfsmenn, keppendur, þjálfarar, stjórnir félaga, foreldrar og aðrir aðstandendur hafa hjálpast að við að gera umhverfi íþróttarinnar sem best og heilbrigðast og er það von stjórnar að sú vinna muni halda áfram til enn betri vega.

© jundi PHOTOGRAPHY 2020
LIVE STREAM

Afrekaskrá ÍSS

Heildarstig

Advanced Novice

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2018	106,07	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2017	101,70	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2017	86,88	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2016	86,49	Marta María Jóhannsdóttir
2015	81,05	Emilía Rós Ómarsdóttir
2010	74,39	Júlía Grétarsdóttir
2009	64,43	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2008	60,58	Helga Jóhannsdóttir
2005	55,24	Sigrún Lind Sigurðardóttir
2005	42,19	Sigrún Lind Sigurðardóttir

Junior Ladies

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2019	127,69	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	116,09	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	112,81	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	108,45	Aldís Kara Bergsdóttir
2018	104,65	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
2018	104,30	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
2015	102,31	Emilía Rós Ómarsdóttir
2013	97,50	Vala Rún B Magnúsdóttir
2011	90,65	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2011	87,13	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2011	78,19	Júlía Grétarsdóttir
2005	72,18	Audrey Freyja Clarke
2005	61,27	Íris Kara Hreiðarsdóttir

Senior Ladies

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2018	102,25	Margrét Sól Torfadóttir
2015	98,34	Júlía Grétarsdóttir
2012	71,54	Guðbjörg Guttormsdóttir
2008	69,11	Audrey Freyja Clarke
2008	66,41	Audrey Freyja Clarke

Afrekaskrá ÍSS framhald

Stutt Prógram

Advanced Novice

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2018	41,51	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2017	36,40	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2015	31,81	Marta María Jóhannsdóttir
2011	31,13	Agnes Dís Brynjarsdóttir
2010	27,96	Júlía Grétarsdóttir
2009	23,99	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2009	24,68	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2008	21,15	Sunna Hrund Sverrisdóttir
2005	20,04	Sigrún Lind Sigurðardóttir

Junior Ladies

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2020	45,25	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	44,95	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	41,37	Aldís Kara Bergsdóttir
2018	40,18	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
2016	38,91	Emilía Rós Ómarsdóttir
2014	37,08	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
2014	36,24	Vala Rún B Magnúsdóttir
2011	34,81	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2011	28,36	Júlía Grétarsdóttir
2005	25,25	Audrey Freyja Clarke

Senior Ladies

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2016	35,42	Júlía Grétarsdóttir
2015	33,30	Júlía Grétarsdóttir
2015	30,94	Júlía Grétarsdóttir
2013	27,36	Guðbjörg Guttormsdóttir
2012	24,08	Guðbjörg Guttormsdóttir
2008	23,75	Audrey Freyja Clarke
2008	22,97	Audrey Freyja Clarke

Afrekaskrá ÍSS framhald

Frjálst Prógram

Advanced Novice

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2017	65,30	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2017	58,50	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
2016	54,68	Marta María Jóhannsdóttir
2015	50,40	Emilía Rós Ómarsdóttir
2014	46,77	Marta María Jóhannsdóttir
2012	46,45	Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir
2010	46,43	Júlía Grétarsdóttir
2009	40,44	Heiðbjört Arney Höskuldsóttir
2005	35,20	Sigrún Lind Sigurðardóttir

Junior Ladies

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2019	82,74	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	82,00	Aldís Kara Bergsdóttir
2019	72,12	Aldís Kara Bergsdóttir
2015	67,10	Emilía Rós Ómarsdóttir
2014	64,49	Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir
2013	64,05	Vala Rún B Magnúsdóttir
2012	60,18	Júlía Grétarsdóttir
2011	52,56	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
2011	49,83	Júlía Grétarsdóttir
2005	46,93	Audrey Freyja Clarke

Senior Ladies

Ár	*Árangur*	*Nafn*
2018	68,71	Margrét Sól Torfadóttir
2015	67,40	Júlía Grétarsdóttir
2013	52,39	Guðbjörg Guttormsdóttir
2012	47,46	Guðbjörg Guttormsdóttir
2008	45,44	Audrey Freyja Clarke

Afrekaskrá ÍSS

Fyrstu staðfest element

Element		***Nafn***	***Ár***	***Mót***
Töfaldur Axel	2A	Sigurlaug Árnadóttir	2001	Á mótum innanlands og á Norðurlandamóti
Þrefalt Salchow	3S	Þuríður Björg Björgvinsdóttir	2015	Vetrarmót ÍSS
Þrefalt Toeloop	3T	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2017	Íslandsmeistaramót ÍSS
Þrefalt Loop	3L	Aldís Kara Bergsdóttir	2020	Reykjavik International Games

Þrefalt stökk í samsetnigu	3T+2T	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2017	Grand Prix Bratislava
Fleiri en eitt þrefalt stökk í sama prógrami	3S+2T 3T	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir	2018	Tirnavia Ice Cup

Heiðursfélagar ÍSS

Stjórn ÍSS getur veitt þeim Heiðurmerki ÍSS sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi skautaíþrótta. Heiðursmerki ÍSS skal veita á Skautaþingi eða við tilefni er stjórn ÍSS ákveður. Stjórn skal vera einróma um veitingu merkisins.

Þeir sem hafa hlotið Heiðursmerki ÍSS:

Elísabet Eyjólfsdóttir
Silfurmerki ÍSS
2019

Ársreikningur 2019

Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Skautasambands Íslands (ÍSS) er í samræmi við lög um ársreikninga.

Stærsti munurinn á milli ára að þessu sinni má rekja til breytts landslags hvað varðar flugsamgöngur til og frá Íslandi. Eftir fall WOW Air þá tvöfölduðust öll flugmiðaverð á sama tíma og keppendum fækkaði á mótum. Í kjölfarið af þessu hefur stjórn, í samráði við Dómara- og tækninefnd og Afreksnefnd, farið í gagngera endurskoðun á uppsetningu dómarapanels á ÍSS mótum. Hefur m.a. verið tekin sú ákvörðun að ÍSS mót geti verið með staðfestan þriggja manna dómarapanel án þess að minnka gæði dómgæslunnar sem og að gæta þess að skautarar geti áfram fengið prótókolin sín metin. Einnig var mikil vinna lögð í námskeið dómara- og tæknifólks sumarið 2020 til þess að reyna að auka við menntað starfsfólk innan ÍSS.

Aðrir stórir kostnaðarliðir eru innleiðing félagalínukerfisins og endurnýjun á hluta dómarabúnaðar fyrir IJS kerfið.

Lilja Baldursdóttir starfar nú sem framkvæmdastjóri ÍSS í 50% stöðugildi og Svava Hróðný Jónsdóttir, varaformaður, sinnir stöðu verkefnastjóra í 30% stöðugildi. Eftir sem áður eru þær að sinna mun meira en greiddu starfshlutfalli en þó hefur það bæst til muna.

Haldið verður áfram þeirri vinnu að afla frekari styrkja fyrir hinum ýmsu verkefnum.

Staða Skautasambandsins hefur breyst töluvert en áfram er unnið að því að styrkja stöðuna og vinna markvisst að afreksmálum.

Stjórn Skautasambands Íslands staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2019.

Rekstrarreikningur 2019

	skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur:			
Félög og iðkendur	3	6,221,822	6,476,677
Styrkir	4	14,306,976	14,162,952
Aðrar tekjur	5	1,202,719	434,250
Rekstrartekjur alls:		21,731,517	21,073,879
Rekstrargjöld:			
Mót og grunnpróf	6	6,540,000	5,757,120
Afreksmál	7	7,684,463	6,525,988
Námskeið og fyrirlestrar	8	659,451	639,038
Laun og launatengd gjöld	9	6,692,849	5,408,055
Annar rekstrarkostnaður	10	2,535,082	1,978,657
Rekstrargjöld alls:		24,111,845	20,308,858
Afkoma án fjármagnsliða		(2,380,328)	765,021
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur og verðbætur		16,681	9,225
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(9,623)	(51,799)
		7,058	(42,574)
Afkoma ársins		**(2,373,270)**	**722,447**

Efnahagsreikningur

31. desember 2019

	skýr.	2019	2018
Eignir			
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		3,596,812	1,642,343
Handbært fé		766,239	4,835,459
Eignir samtals:		4,363,051	6,477,802
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé 01.01		6,022,093	5,299,646
Afkoma ársins		(2,373,270)	722,447
Eigið fé alls:		3,648,823	6,022,093
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		615,419	245,511
Aðrar skammtímaskuldir		98,809	210,198
Skuldir alls:		714,228	455,709
Skuldir og eigið fé samtals:		**4,363,051**	**6,477,802**

Skýringar

1. Upplýsingar um Skautasamband Íslands

Skautasamband Íslands er samband íþróttafélaga. Sambandið er æðsti aðili um öll skautamál er varðar listskauta og/eða skautahlaup innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Er sambandið aðili að Alþjóðaskautasambandinu (ISU) og jafnframt fulltrúi þess hér á landi. Lögheimili sambandsins er að Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna:

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórn sambandsins hefur metið rekstrarhæfi þess og telja að sambandið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir:

Stjórn þarf að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Viðskiptakröfur:

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu, ef um hana er að ræða, til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Handbært fé:

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.
Viðskiptaskuldir:
Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.

Tekjur:

Tekjur eru að jafnaði færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til sambandsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Félög og iðkendur

	2019	2018
Iðkenda- og aðildafélagstekjur	701,100	962,500
Mótatekjur	2,875,706	4,272,032
Grunnpróf	406,850	327,700
Greiðslur v/landsliðsverkefna	2,124,165	626,445
Greiðslur v/æfingabúða	95,501	225,000
Námskeið og fyrirlestrar	18,500	63,000
Félög og iðkendur alls:	6,221,822	6,476,677

4. Styrkir

	2019	2018
ISU styrkur	2,988,947	2,635,000
Afrekssjóður ÍSÍ	1,500,000	1,550,000
Lottótekjur	4,527,954	3,486,553
Útbreiðslustyrkur	2,540,075	2,841,399
Ríkisstyrkur	2,750,000	3,650,000
Styrkir alls:	14,306,976	14,162,952

5. Aðrar tekjur

	2019	2018
Aðrar tekjur alls:	1,202,719	434,250

6. Mót og grunnpróf

	2019	2018
Dómgæsla	1,076,500	1,739,320
Kostnaður v/dómgæslu	3,354,633	3,463,265
Kostnaður v/hátíðardagskrá RIG/NM	319,500	45,000
Verðlaunakostnaður	66,510	152,390
Kostnaður v/streymis_útsendinga	272,800	373,200
Annar kostnaður móta	1,203,534	235,468
Leiðréttur kostnaður v/eldri ára	0	(320,005)
Kostnaður v/tæknibúnaðar	246,523	0
Sendingarkostnaður - vöruflutningar	0	68,482
Mót og grunnpróf alls:	6,540,000	5,757,120

7. Afreksmál

	2019	2018
Kostnaður v/landsliðsráðgjafar	0	802,351
Kostnaður v/fagteymis	82,500	192,750
Kostnaður v/alþjóðlegra móta	4,104,496	5,018,422
Kostnaður v/landsliðsfatnaðar	498,426	122,564
Kostnaður v/æfingabúða	1,807,740	357,901
Kostnaður v/mannvirkja	0	12,000
Kostnaður v/dómaamenntunar	125,189	0
Kostnaður v/þjálfaramenntunar	317,612	0
Greiðslur úr Afrekssjóði ÍSS	748,500	20,000
Afreksmál alls:	7,684,463	6,525,988

8. Námskeið og fyrirlestrar

	2019	2018
Kennsla og gögn v/námskeiða	163,832	113,799
Kostnaður v/námskeiða	236,310	224,299
Þróunarverkefni_önnur ráðgjöf	328,459	227,965
Annar kostnaður	(69,150)	72,975
Námskeið og fyrirlestrar alls:	659,451	639,038

9. Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Laun	5,499,578	4,784,700
Dagpeningar	138,530	0
Tryggingargjald	444,508	346,128
Lífeyrissjóðsframlag og félagsgjöld	565,226	273,227
Sjóðagjöld - mótframlag	45,007	0
Kaffikostnaður	0	4,000
Laun og launatengd gjöld alls:	6,692,849	5,408,055

10. Annar rekstrarkostnaður

	2019	2018
Húsnæðiskostnaður:		
Öryggisgæsla	0	10,825
Húsaleiga	615,804	581,064
	615,804	591,889
Rekstur áhalda og tækja:		
Viðhald tækjabúnaðar (v/móta)	0	49,992
Vátryggingar	22,434	19,853
	22,434	69,845

Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða:		
Bensín og olíur	0	18,000
	0	18,000
Skrifstofukostnaður:		
Sími og internet	6,191	(2,068)
Burðargjöld	69,323	0
Pappír, prentun og ritföng	341,209	124,993
Skrifstofuáhöld	1,995	0
Rekstur tölvukerfis	677,542	262,369
Annar skrifstofukostnaður	450	0
	1,096,710	385,294
Stjórnun og umsýsla:		
Ferðakostnaður	37,080	0
Félags- og aðildargjöld	0	30,924
Ráðstefnur	514,286	686,693
Auglýsingar	54,424	97,549
Gjafir og styrkir	99,923	0
Þjónustugjöld og fit kostnaður	52,541	44,954
Þjónustugjöld Visa/Euro	41,880	53,509
	800,134	913,629
Annar rekstrarkostnaður alls:	2,535,082	1,978,657

Skautasamband Íslands

Ársskýrsla 2019 – 2020

Unnið af Skrifstofu ÍSS